

Bókun 393. fundar fræðslunefndar frá 21. júní 2018.

**10. Reiknilíkan fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar - 2017120066**

Lagt fram minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa dagsett 22. maí 2018, er varðar endurskoðun barngilda á hvern kennara í leikskólum og minnisblað frá Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla og tómstundasviðs dagsett 20. júní 2018 með samantekt á vinnu við leikskólalíkan.

*Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að tillögur um breytingar á fjölda barna á starfsmann verði samþykktar og felur starfsmönnum að láta fylgja kostnaðaráætlun með.*